

# Noam Chomsky - mál, sál og samfélag

BRitstjórar: **Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton**

Bókarheiti: **Chomsky – Mál, saga og samfélag.**

Gagnrýnandi: **Viktor Orri Valgarðsson.**

Útgáfa: **Háskólaútgáfan. Reykjavík 2013, 385 bls.**

## Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Á heildina litið er bókin *Chomsky: Mál, sál og samfélag* áhugaverð, fræðandi og fjölbreytt umfjöllun um kenningar og hugmyndir Noam Chomsky, áhrif hans og tengdar hugmyndir. Bókin er líka öðrum þræði ritstýrð fræðibók, þar sem fjölbreyttir og málsmetandi fræðimenn kafa dýpra í tiltekna þætti kenninga hans, hver með sínum hætti.“

Það er ekki laust við að ungur og aumur stjórnmálafræðingur af félagsfræðabraut upplifi örlitla minnimáttarkennd við þá fyrirætlan að dæma rit og hugmyndir einhvers mesta og virtasta hugsuðar síðari tíma; Noam Chomsky.

Þetta á sérstraklega við um hugmyndir hans, kennisetningar og rannsóknir á sviði málvísinda – sem undirritaður er í besta falli leikmaður á. En gott og vel, leikmenn verða líka að geta lesið og því er réttast að lýsa fyrri hluta bókarinnar *Chomsky: Mál, sál og samfélag* í ritstjórn Höskuldar Þráinssonar og Matthew Whelpton og útgáfu Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, frá þeim sjónarhóli. Höfundar bókarinnar eru 17 talsins – áhugaverður og fjölbreyttur hópur fræðimanna.

Í upphafi er útskýrt að skipting bókarinnar byggir á þessum tveimur megin-viðfangsefnum Chomskys; málvísindum og stjórnmálum, sem sömuleiðis byggir á tveimur ráðgátum sem hann hefur lýst. Hin fyrri er ráðgáta Platóns (e. Plato's problem), sem spyr hvernig við getum vitað svona mikið með svona litla vitneskju – þ.e. um móðurmál okkar á barnsaldri. Hin síðari er ráðgáta Orwells, sem spyr hvernig við getum vitað svona lítið með svona mikla vitneskju, þ.e. hvernig við getum verið fáfróð um augljósar staðreyndir stjórnmála og heimsins sem stjórnvöld og fjölmiðlar halda frá okkur.

Snemma verður leikmanninum ljóst að ritstjórar og aðrir höfundar bókarinnar leggja sig fram við að honum sé ritið læsilegt; bókin byrjar á ítarlegum inngangi á íslensku



og ensku sem kortleggur hugmyndir Chomskys, og efnistöð bókarrinnar, á skýran og skipulegan hátt og rækt er lögð við að þýða og skýra fræðileg hugtök um leið og þau koma fram. 2. kafli bókarinnar, sem Höskuldur ritar sjálfur, er í sama anda skrifaður á aðgengilegan og upplýsandi hátt sem augljóslega er ætlaður hinum almenna lesanda.

Það sama verður hins vegar ekki sagt um 1. kafla, sem kemur frá Chomsky sjálfum og er fremur ruglingslega skipulagður, beitir töluvert af fræðilegum hugtökum án skýringar og virðist gefa sér að hitt og þetta sé lesandanum sjálfsagt, og/eða að fullyrðingar hans séu augljóslega sannar, án þess að hann virðist finna sérstaklega ríkulega þörf til að rökstyðja þær. Þetta má allt saman afsaka, upp að vissu marki, með því að kaflinn er í raun fyrirlestur sem Chomsky flutti fyrir námskeið í HÍ sem fjallaði um kenningar hans og því beint að nokkuð sérfróðum lesendahópi. Auk þess finnst honum (kannski réttilega) að hann hafi rökstutt kenningar sínar í nægilega marga áratugi, og fengið nægilega fræðilega viðurkenningu á þeim, til að þurfa ekki að fara ítarlega út í þann rökstuðning í tédum fyrirlestri.

Í stuttu máli skilst mér sem svo að málfræðibylting Chomskys hafi falist í því að líta hvorki á tungumálið sem handahófskennd viðbrögð manna við aðstæðum (sem væri þarrafleiðandi erfitt eða ómögulegt að finna mynstur í milli samfélaga) né sem fyrst og fremst kerfi til tjáskipta (e. system of communication), heldur sem innbyggðan og eðlislægan eiginleika mannsins til að skapa, skipuleggja og leggja saman þá merkingu, túlkun og skynjun sem eru honum jafn-eðlislægar. Tjáning þessarar skipulögðu merkingar komi á eftir, sé nokkurs konar afleiða en ekki eðli tungumálsins, og að þessi sameiginlegi eiginleiki sem geri okkur hana kleift hafi í för með sér að sameiginleg einkenni fyrirfinnist á tungumálum hvaðanæva úr heiminum. Þessi röksemdafersla er nokkuð skýr og hún hljómar skynsamlega; það virðist skynsamlegt að skoða tungumála-getuna sem sérstakan eiginleika mannsins og við nánari umhugsun verður manni ljóst að tungumálið er ekki einungis notað til samskipta við annað fólk heldur sömuleiðis... til umhugsunar. Pun intended.

Í næstu köflum bókarinnar er fjallað nánar um þessar kenningar Chomskys og áhrif þeirra á málvísindi, sálfræði, rannsóknir á máltöku barna o.fl. með nokkuð ítarlegum hætti. Þar er varpað frekara ljósi á kenningar hans um málgetuna sem sérstakt „hugar-tæki“ sem sé mannsheilanum áskapað og sem virki með tilteknum hætti sem liggja í eðli allra manna. Þessar hugmyndir eru bornar saman við þekkingu á sjónskynjun manna, sem lýtur með svipuðum hætti sameiginlegum ferlum og virkni sem ekki einskorðast við útreiknanleg viðbrögð við áreitum.

Þetta síðastnefnda er talið til sem eitt helsta framlag Chomskys til sálfræðinnar; hugfræðibyltingin, sem hafnaði þeirri stæku atferlisstefnu sem ráðið hafði ríkjum í sálfræði og málvísindum fyrri hluta 20. aldarinnar. Sú stefna gerði ráð fyrir því að öll hegðun manna væri einungis sjálfkrafa viðbrögð við áreitum í umhverfi þeirra og að gagnslaust væri að velta fyrir sér innri hugsun þeirra, þar sem hún hefði ekkert skýringargildi. Chomsky reis einmitt til frægðar þegar hann birti ritdóm á bók eins frægasta atferlis-sinnans – B.F. Skinner – *Verbal Behaviour* árið 1959 og reif kenningar hans í sig með eftirminnilegum hætti.

Umfjöllun þessara kafla er ágæt og læsileg, þó hún sé á köflum heldur ítarleg og tengingin við Chomsky sjálfan og kenningar hans orðin nokkuð losaraleg. Það breytir því þó ekki að umfjöllun þeirra er í sjálfu sér áhugaverð og lestur bókarinnar fer að bera keim af því að hún er öðrum þræði ritstýrð fræðibók um tengd viðfangsefni, fremur en ævisaga eða endursögn á kenningum og verkum Chomskys.

Í fimmta kafla færir Sigríður Sigurjónsdóttur greinargóð rök fyrir kenningu Chomsky um meðfæddan málhæfileika barna, sem sé meðal annars byggð á rannsóknnum sem gefa til kynna að þekking þeirra á móðurmáli sínu sé jafnan mun meiri en reynsla þeirra af því geti útskýrt. Á þessum tímupunkti er lesandann hins vegar farið að þyrsta nokkuð í mótrök, þar sem fyrstu kaflar bókarinnar virka heldur einhliða í stuðningi sínum við kenningar Chomskys. Í einhverjar efasemdir glittir í kafla Gísla Pálssonar - þar sem hann veltir fyrir sér eðli hugartækisins og hversu einstakt það kunnir að vera fyrir menn, t.d. samanborið við okkur skyldar tegundir – og í kafla Þórhalls Eypórssonar er komið inn á gagnrýni á kenningar Chomskys um innra mál, þó áður nefndar röksemdir hans um tjáningu sem afleiðu tungumáls frekar en eðli þess séu meginþungi umfjöllunarinnar. Matthew Phelpton ritar næsta kafla og fjallar þar um afstöðu Chomsky til merkingafræðinnar; sem hann hefur verið sagður hafa litlar mætur á. Kaflinn er nokkuð sanngjörn úttekt á afstöðu Chomsky og hvernig hann lítur svo á að merkingafræði geti verið athyglisvert viðfangsefni, þó hann hafi litla trú á möguleikum mannsins til að uppgötva gagnleg eða varanleg sannindi um merkingu tungumáls með aðferðum hennar.

Kafla Birnu Arnbjörnsdóttur fylgir kafla Sigríðar eftir með ágætri og almennri umfjöllun um áhrif kenninga Chomskys á tileinkun annars máls, og Kristján Árnason kynnir lesandann loksins fyrir annarri nálgun; þær sem M.A.K. Halliday hefur sett fram um félagslega og aðstæðubundna virkni tungumáls, sem mótist af fjöldamörgum umhverfisþáttum. Það sjónarmið er athyglisvert og nokkuð ólíkt áherslu Chomskys á hugartæki og innra mál og Jóhannes Gísli Jónsson fylgir því eftir í næsta kafla með umfjöllun um gagnrýni á algildismálfræði Chomskys, sem hann kemst þó að þeirri niðurstöðu að vegi ekki þungt.

Þá er komið að þeim hluta bókarinnar sem fjallar um samfélagsrýni Chomskys; ráðgátu Orwells sem hinn almenni borgari tengir jafnan betur við en hina fyrrnefndu ráðgátu Platóns um tileinkun tungumáls. Sá hluti byrjar á fyrirlestri Chomskys sjálfs í Háskólabíói um „11. september, hinn fyrri og síðari“ (e. The Two 9/11s), sem er dæmisaga um það hvernig hagsmunir valdhafa, valdastétta og stórfyrirtækja hafa stórkostleg áhrif á umfjöllun, fréttamat og stefnu fjölmiðla – og hvernig þetta mótast hugmyndir almennings. Í kaflanum/fyrirlesturinum segir hann frá því þegar Augusto Pinochet framdi valdarán í Chile þann 11. september árið 1973 og hvernig það hafi verið mun alvarlegru atburður – t.d. hvað mannfall og samfélagslegar afleiðingar varðaði – heldur en hryðjuverkaárásirnar þann 11. september árið 2001. Þrátt fyrir það hafi fjölmiðlar og valdamenn gert lítið úr því fyrrnefnda en almennt sé lítið á hið síðarnefnda sem einhvern skelfilegasta og afdrifaríkasta atburð síðari ára.

Þetta rekur Chomsky til hagsmuna bandarískra stjórnvalda og fyrirtækja og hvernig stórir fjölmiðlar eru þeim háðir; þetta tengist beint hugmyndum hans um áróðurslíkön

sem hann setti fram árið 1988 í bók sinni *Manufacturing Consent: The Political Economy of the Mass Media*, um það hvernig fréttæfni fer í gegnum skilvirkar síur fjölmiðlanna, sem litast af hagsmunum eigenda þeirra, valdhafa, fjármagns og af ríkjandi hugmyndafræði. Chomsky tekur fleiri dæmi máli sínu til stuðnings; um hvernig fjallað var um líflát Osama bin Laden í vestrænum fjölmiðlum, um innrásina í Írak og fleiri hermdarverk bandarískra stjórnvalda sem nauðsynlegan hluta af frelsis- og lýðræðisvæðingu heimsins á sama tíma og sambærilegir eða sakleysislegrir aðgerðir framandi stjórnvalda eru fordæmdar og þeir úthrópaðir. Dæmin eru sterk og sannfærandi til að sýna fram á hlutdrægni fjölmiðla og það hvernig þeir velja og hafna efni og fjalla um það á hátt sem alla jafna þóknast valdhöfum, í samræmi við skýringarlíkanið sem hann hafði áður sett fram.

Þrátt fyrir að umfjöllun Chomsky litist mjög af andstyggð hans á stefnu og framferði bandarískra stjórnvalda þjónar hún kannski fyrst og fremst því hlutverki að sýna fram á þá hugmynd að fjölmiðlar séu hlutdrægir í þágu valdhafa og því sé nauðsynlegt hlutverk menntamanna og almennings að efast um umfjöllun þeirra, gagnrýna hana og leita að hinu sanna eftir því sem nokkur kostur gefst. Þetta er ábyrgð menntamanna, og í raun samfélagsins alls, í raun óháð því hvaða skoðun þeir hafa á bandarískum stjórnvöldum eða öðrum. Það sýnir umfjöllun hans vel fram á.

Næstu kaflar fjalla betur um þessar hugmyndir Chomsky um fjölmiðla, valdhafa og hlutverk menntamanna; María Kristjánsdóttir fer vel yfir áðurnefnd áróðurslíkan hans og Sigrún Júlíusdóttir setur það í nokkuð dýpra (og flóknara) samhengi valdeflingar almennings gagnvart stjórnvöldum og fjölmiðlum, sem nýti sér tungumálið, sérfræðipækkingu og mótunarvald einstaklinga í félagslegu samhengi til að beita sér gegn félagslegu óréttlæti.

Næst kemur skemmtilegt innlegg Giorgio Baruchello sem er nokkuð ólíkt öðrum köflum bókarinnar og fjallar um það hvort Adam Smith megi í raun og sanngirni kenna um það sem aflaga hefur farið í vestrænni frjálshyggju undanfarinna áratuga. Niðurstaðan er nokkuð sannfærandi neikvæð, enda hafa margir fært rök að því að Adam Smith hafi í raun verið mun hófsamari markaðssinni en svo; afstaða sem segja má að helstu boðberar nýfrjálshyggjunnar á 20. öld hafi staðfest með því að stofna Mont Pelerin samtökin í þeim tilgangi að „bjarga frjálshyggjunni“ frá því sem hún hafði fram að því gengið út á í reynd.

Guðni Elísson lýkur síðan bókinni með vel skrifaðri og skemmtilegri umfjöllun um Chomsky sem samfélagsrýni; um þá gagnrýni að hann gangi of skammt fyrir sumra smekk en fyrst og fremst um mikilvægi meginboðskapar hans: að fremsta hlutverk menntamanna sé að segja hlutina eins og þeir eru, alveg óháð hagsmunum, hugmynda-kerfum og ráðandi hugmyndafræði.

Á heildina litíð er bókin *Chomsky: Mál, sál og samfélag* áhugaverð, fræðandi og fjölbreytt umfjöllun um kenningar og hugmyndir Noam Chomsky, áhrif hans og tengdar hugmyndir. Bókin er líka öðrum þræði ritstýrð fræðibók, þar sem fjölbreyttir og málsmetandi fræðimenn kafa dýpra í tiltekna þætti kenninga hans, hver með sínum hætti. Þetta veldur því að lesandinn fær annað og meira en að kynnast því sem Chomsky hefur að segja, bókin þjónar á sama tíma því hlutverki að gefa honum fjölbreytt sjónarhorn

inn í fræðaheim hugvísinda. Þetta hefur þó sömuleiðis í för með sér að bókin endurtekur sig á köflum, fjallar um sömu hlutina í mörgum köflum þó það sé ekki endilega frá sama sjónarhorni, auk þess sem sú umfjöllun verður oft á tíðum óþarflega langdregin og flæði textans dettur fyrir vikið niður. Þrátt fyrir það er af nógu áhugaverðu að taka í ritverkinu, sérstaklega sé það nálgast sem greinarsafn frekar en samfelldur texti. Því má ég til með að hrósa Hugvísindasviði Háskóla Íslands og höfundum verksins sérstaklega fyrir það framtak og framlag í fræðilega og samfélagslega umræðu sem bókin er.

